

Garðabær

Ársskýrsla Klakans

Skólaárið 2020-2021

Tómas Þór Jacobsen
22/06/2021

Hlutverk félagsmiðstöðvarinnar Klakans og markmið

Hlutverk félagsmiðstöðvarinnar er að styðja við börn og unglunga í gegnum fjölbreytt tómstundastarf. Megin markmið starfsins er að veita þeim tækifæri til samveru og stunda heilbrigðar tómstundir undir leiðsögn reyndra tómstundaleiðbeinenda. Leiðarljós starfsins er að efla félagsfærni, sjálfsmynd og virkni barna og unglunga. Unnið er út frá hugmyndafræði barna- og unglungalýðræðis, hugmyndum og áhugasviði nemenda skólans. Leitað verður eftir röddum barna og unglunga hvað varðar starfsemi og þær upptakur sem verða hverju sinni, innra starf og umgjörð.

Markmið

- Að ná til allra nemenda í unglingadeild sem og miðdeild Sjálandsskóla og gefa þeim tækifæri til að taka þátt í skapandi og uppbyggjandi starfi.
- Að virkja börn og unglunga til virkrar þátttöku og framkvæmda í starfinu, einkunn þau sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar aðstæðna.
- Að starfið einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum, virkni, ábyrgð og þátttöku einstaklinganna. Starfið er því skipulagt í samvinnu við unglungana en ekki fyrir þá.
- Að þeir sem sækja félagsmiðstöðina eigi góðar stundir með jafnöldrum án sýnilegs markmiðs í öruggu umhverfi.
- Sérstaklega skal leitast við að ná til barna og unglunga sem ekki njóta sín í öðru íþrótt- og æskulýðsstarfi.
- Að hlustað sé eftir röddum nemenda og komið sé á mótis við börn og unglunga í leik og starfi.
- Að ýta undir jafnrétti kynjanna.
- Að samstarf sé gott við ýmsa aðila s.s. félagsmálastofnun, skóla, foreldra, lögreglu, aðrar félagsmiðstöðvar og önnur félög og samtök sem vinna að aukinni félagsvirkni og jákvæðri uppbyggingu unglunga.
- Að í starfi félagsmiðstöðvarinnar sé ávallt starfandi hæft starfsfólk sem er tilbúið að vinna að sameiginlegri sýn.
- Að halda úti markvissu fræðslu-, forvarnar- og leitarstarfi og beita fjölbreyttum aðferðum til að auka líkurnar á árangri. Til að ná sem bestum árangri leita starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar eftir því að fá sérfræðinga til samstarfs sem ná til barna og unglunga með vitneskju sinni og reynslu.



Starf unglingadeildar

Þann 7. september fór starf Klakans í gang með opunarhátíð Klakans. Fastir opunartímar Klakans voru á mánudags- og miðvikudagskvöld kl. 19.30-22.00.

Mæting á viðburði og opin hús hefur verið að meðaltali 25 unglingar pr. kvöld.

Opin hús unglingadeildar

Á opnum húsum hefur félagsmiðstöðin verið með fjölbreytta dagskrá í boð (sjá dagskrá í lok skýrslu).

Miðdeildarstarf

Í byrjun október fór Klakinn af stað með starf fyrir miðdeild. Yfir skólaárið var boðið börnum í miðdeild starf einu sinni í viku.

Á opnum húsum bauð félagsmiðstöðin m.a. upp á eftirfarandi:

- ✓ Minute to win it
- ✓ Karioki
- ✓ Kósý og veitingar
- ✓ Leiki og samverustundir
- ✓ Bíókvöld
- ✓ Náttfata- og jólakósý
- ✓ Kappát
- ✓ Varúlfur
- ✓ Just dance
- ✓ Eltinga- og feluleikur
- ✓ Fangaðu fánann
- ✓ Jólaskemmtun
- ✓ Ratleik
- ✓ Vöfluboð
- ✓ Fífamót

Í 5. - 6. bekkjarstarfið var mæting að meðaltali 30-40 börn en í 7. bekkjarstarfið var að meðaltali 20 nemendur í starfinu.

Frá 1. maí er 7. bekk velkomið að koma í kvöldstarf Klakans. Miðdeildarstarfið gekk gríðarlega vel þetta skólaárið.



Samstarf við Garðalund og Elítuna.

Markmið fyrir þetta skólaár var að efla samstarf á milli Elítunnar og Garðalundar og halda sameiginlega viðburði. Samstarf á milli starfsfólks félagsmiðstöðvanna hefur verið gott en náðum því miður ekki að halda neina sameiginlega viðburði þetta árið vegna covid-19 og annað.

Samfés

Klakinn hefur tekið þátt í sameiginlegum viðburðum á vegum Samfés eins og Stíl, söngkeppni og Samfestingi. Fulltrúi Klakans komst áfram í aðalkeppnina þetta árið og stóð sig gríðarlega vel.

Ferðir

Starfsmenn Klakans hafa farið í eftirfarandi ferðir:

- ~~✓ 8. — 9. bekkjarferð í Vindáshlíð.~~
- ✓ 10. bekkjarferð til Vestmannaeyjar (farið í Skorradal í staðinn v/covid)
- ✓ Skíðaferð á Dalvík.
- ✓ Vorferð 8. Og 9. Bekkjar í Skorradal.
- ✓ Útskriftarferð 10. bekkjar í Þórsmörk.



Þessar ferðir hafa verið skipulagðar af forstöðumanni Klakans í samráði við kennara og stjórnendur Sjálandsskóla.

Samstarf við Sjálandsskóla

Fundað var þegar þörf var á með stjórnendum skólans, umsjónarkennurum sem og námsráðgjafa.

Forstöðumaður sat lausnarþeymisfundi í vetur sem og skólaráðsfundi.

Mikið og mjög gott samstarf hefur verið við alla starfsmenn hússins.

Stjórn nemendafélags og félagsmálaval Sjálandsskóla

Forstöðumaður starfaði með stjórn nemendafélagsins og fundað tvisvar á önn með hópnum sem samanstóð af unglingum í 8. 9. og 10. bekk.

Uppúr áramótum var ákveðið að sameina nemendafélagið og félagsmálval.

Félagsmálaval var starfandi með fasta tíma í töflu einu sinni í viku allt skólaárið og tók þátt í og bar ábyrgð á ýmsum viðburðum á vegum félagsmiðstöðvarinnar og skólans. Lokaverkefni nemenda í félagsmálavali var að skipuleggja árshátíð Klakans. Árshátíðin gekk ótrúlega vel.

Foreldrafélag Sjálandsskóla - skólaráð

Samstarfið við stjórn foreldrafélagsins í ár var lítið. Fulltrúi foreldra hefur mætt á skólaráðsfundi í vetur og þar hefur gefist kostur á að ræða mál sem viðkemur unglingunum.

Foreldrafélagið styrkir nemendafélag Sjálandsskóla um 500 kr. pr. nem. í vorferðir.

Leiklist

Í lok síðasta skólaárs fengum við leyfi til þess að gera leiklist að valfagi í unglingadeild. Við réðum utanaðkomandi leikstjóra, hana Birnu Rún og voru því leiklistaræfingar tvisvar í viku á skólatíma. Það gekk smá illa að halda sýningar vegna covid en það tókst að lokum og settum við á svið þrjár stórkostlegar sýningar af leikritinu Rokkskólinn.

Starfsmannahald

Það urðu engar breytingar á starfsmannahaldi.

Símenntun starfsfólks félagsmiðstöðva Garðabæjar var haldin tvisvar sinnum yfir veturinn. Starfsfólk Klakans fékk tækifæri til að koma á símenntun Sjálandsskóla.

Að lokum

Skólaárið gekk vel fyrir sig og það var heilt yfir góð mæting á opin hús í félagsmiðstöðinni. Að vana þá sáu nemendur í félagsmálavali um að skipuleggja dagskrá Klakans í samráði við starfsfólk Klakans. Að auki þá fengu nemendur í miðdeild að koma með hugmyndir að dagskrá í miðdeildarstarfið og byggðist dagskrá miðdeildarstarfsins mest megnis á hugmyndum frá nemendum.

Samstarf við starfsfólk Elítunnar og Garðalundar var gott en við náðum því miður ekki að halda sameiginlega viðburði þetta árið vegna covid-19 o.fl en við stefnum á að halda sameiginlega viðburði, bæði fyrir unglinganna og starfsfólk skólaárið 2021-22.

Forstöðumaður hlakkar til komandi skólaárs og þeirra áskoranna sem bíða handan við hornið.

Virðingarfyllt

Tómas Þór Jacobsen, forstöðumaður Klakans

Fræðsla og forvarnir í Klakanum og Sjálandsskóla 2020-21

Sjálandsskóla og félagsmiðstöðvarinnar Klakans

Félagsmiðstöðin ásamt skólanum stendur fyrir markvissu fræðslu-, forvarnar- og leitarstarfi og beitir fjölbreyttum aðferðum til að auka líkur á árangri.

Forvarnarstarf Klakans og Sjálandsskóla fer fram með ýmsum hætti bæði á skólatíma og utan hans.

- **Forvarnarvika:** Þátttaka nemenda felst meðal annars í því að vinna verkefni sem snýr að heilsuefandi samveru fjölskyldunnar. Nemendur fá hugmyndir af skemmtilegum gæðastundum með fjölskyldu og vinum, bæði innandyrna og utan. Fjölmargir viðburðir vorum á vegum bæjarins fyrir bæði börn og fullorðna s.s. fræðslufundur fyrir foreldra, erindi um forvarnargildi íþróttastarfs, leikir og Spilavinir á Bókasafninu, sápukúluvinnustofur á Hönnunarsafninu, ratleikur um bæinn auk skipulagðar útivistar í Heiðmörk og kynningu á nýju hreystigörðunum sem finna má víðsvegar um bæinn.
- Unglingadeild

Unglingastig

Krabbameinsfélagið: Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins verður með fræðslu fyrir 10. bekk um rafsígarettur.

- 10. bekkur

Blátt áfram: Starfsmenn Blátt áfram mæta einu sinni yfir veturinn og ræða við unglinga í 8. og 9. bekk um sjálfsvirðingu og hvað gera skal ef einstaklingur hefur lent í kynferðislegu ofbeldi. Boðið er upp á foreldrafræðslu í kjölfarið fyrir foreldra nemenda í 8. og 9. bekk. Einnig koma starfsmenn og sýna brúðuleikhúsið Krakkarnir í hverfinu fyrir 2. bekk sem ætluð er til að auðvelda börnum að segja frá kynferðisofbeldi sem þau verða fyrir.

SAFT.IS - bara 1 like í viðbót - Óli Örn Atlason: Farið yfir helstu samfélagsmiðla - Facebook, Snapchat, Instagram, nafnlausu spjöllin, hvað unglिंगarnir setja inn í gegnum þessa miðla og í hvaða tilgangi. Farið er ítarlega ofan í kjölin á því hvernig er að vera unglिंगur í dag og hversu stór hluti af sjálfsmýnd unglingsins verður til á samfélagsmiðlum. Farið er í hvað hægt sé að gera og hvernig er hægt að ræða þessa hluti í skólanum og heima án þess að það springi allt í loft upp. Óli Örn hefur

unnið náið með unglíngum undanfarín 8 ár í félagsmiðstöð og þekkir vel hvernig unglíngarnir nota netið og snjalltækin.

- Unglíngadeild – 5. nóvember
- Foreldrar – 5. nóvember, kvöld

Ástráður: Læknanemar koma einu sinni yfir veturinn og ræða við nemendur í unglíngadeild um kynheilbrigði, kynsjúkdóma o.fl. Markmiðið er að fækka kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum.

- 9. og 10. Bekkur

Guðrún Birna geðlæknir – „Pillupopparinn“ - Fíkniefnafræðsla fyrir unglíngadeildina – möguleg skaðsemi vímugjafa.

- 9.-10. bekkur – 14. nóvember 2018

Sigga Dögg – Markmiðið með heimsókn Siggú Dögg er að fá góða nútíma kynfræðslu fyrir nemendur. Hún nálgast viðfangsefnið með öðruvísi hætti en flestir og nemendur fá tækifæri til að spyrja spurninga. Fræðslan er kynjaskipt og fer fram í Klakanum.

Verum ástfangin af lífinu: Þorgrímur Þránínsson kemur og ræðir við nemendur í 10. bekk um jákvæða ímynd og framtíðarplön.

- 10. bekkur

Fræðsla frá VR: Markmiðið er að kynna fyrir nemendum helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Fjallað er um grunnhugtök í kjaramálum eins og kjarasamninga, starfsmann, vinnutíma, launaseðla, veikindarétt og hvíldartíma svo eitthvað sé nefnt. Fræðslan hefur forvarnargildi þar sem mikið er um að brotið sé á ungu fólki og hefur hún gefið mjög góða raun

- 10. bekkur

Lífsleikni - Fræðsla og hópavinna í lífsleiknitíma um sjálfsvirðingu og samskipti á vegum Dale Carnegie.

- Unglingadeild

Stafrænt kynferðisofbeldi - Nemendur sáu stuttmyndina *Myndin af mér* sem hefur það markmið að vekja athygli á svokölluðu stafrænu kynferðisofbeldi, skýra mörkin milli kynlífs og ofbeldis ásamt því að leggja áherslu á samþykki og ábyrgð í öllum nánum samskiptum, hvort sem þau gerast í netheimum eða raunheimum.

- Unglingadeild

Eineltismál - Nemendur sáu heimildarþáttinn *Ný sýn* þar sem söngkonan, Salka Sól sagði frá áralöngu og erfiðu einelti sem hún varð fyrir á æskuárum sínum í Kópavogi. Þátturinn var sýndur sem hluti af forvarnarfræðslu gegn einelti og áhrifum þess á líf fólks.

Örugg saman – Öryggi í samskiptum, andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi í nánum samskiptum unglunga. Notast við efni frá Embætti landlæknis.

- 9. Bekkur

Hópefli:

Félagsmiðstöðin Klakinn stóð fyrir hópefli í 10. bekk og var tilgangurinn að efla vináttu og góð samskipti milli nemenda og að bæta bekkjaranda.